



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	13. mars 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Kristín Pétursdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um fjárveitingu/styrk til reksturs áfangaheimilis fyrir konur
Þjónustubáttur:	Málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir
Stofnun/kostn.st.:	01292
Fjárhæð:	6,5 m.kr. á ári
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan felur í sér styrk í formi innri leigu til almannahagsmunafélagsins Lítillar Þúfu til reksturs áfangaheimilis fyrir konur í Snekkjuvogi (Dyngjan). Ekki er þörf á aukinni fjárheimild, einungis nýtingu fjármagns sem fyrir er. Áfangaheimilið Dyngjan er ætlað konum sem lokið hafa áfengis- og vímuefnanotkun hefur verið starfrækt frá árinu 1988. Heimilið var rekið af Líknarfélaginu Dyngjunni en Lítil Þúfa tók yfir reksturinn þann 1. mars 2023.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Dyngjan er annað af tveimur áfangaheimilum fyrir konur í Reykjavík og er sniðið að þörfum kvenna sem eru í virkri endurhæfingu eftir áfengis- og vímuefnaneyslu og í þörf fyrir húsnæði. Þjónusta við heimilislaust fólk hefur hingað til fremur tekið til þarfa karla, og því mikilvægt að tryggja rekstur slíkra úrræða sem styðja við konur. Þó færri konur en karlar séu heimilislausar þá er vandi þeirra oft dulinn og þarfir þeirra aðrar en karla í sambærilegri stöðu. Heimilislausar konur leita síður til kerfisins og eru líklegri til að fá inni á heimilum félaga gegn skilyrðum. Heimilislausar konur eru flestar með áfallasögu ásamt því að staða þeirra útsetur þær fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Konur sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan stuðlar að því að styðja Litla Þúfu til að geta rekið áfangaheimili fyrir konur sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Um er að ræða afar jaðarsettan hóp sem er sérstaklega útsettur fyrir ofbeldi. Aðstæður kvennanna sem koma á heimilið eru mismunandi, en við það að veita þeim heimilisöryggi, friðhelgi fyrir utanaðkomandi áreiti og stuðning við breytt lífni geta þær eignast von og trú til að takast á við önnur vandamál sem fylgja fyrra lífni.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.